

## Mat á kennsluháttum í Kópavogsskóla og ábendingar um þróun þeirra

### Inngangur

Að beiðni deildarstjóra grunnskóladeildar Menntasviðs Kópavogsbæjar kynnti undirritaður sér kennsluhætti í Kópavogsskóla í því skyni að veita ráðgjöf um aukna fjölbreytni. Athuginin var gerð með tilvísun í niðurstöður ytra mats á skólanum sem gerð var haustið 2018, en þar voru kennararar hvattir „til þess að nýta fjölbreytilega kennsluhætti, m.a. í þeim tilgangi að koma til móts við hvern og einn nemanda“ (Oddný J. Eyjólfsdóttir og Kristín Sigurðardóttir, 2018, bls. 5).

### Framkvæmd

Staðið var að verkefninu með eftirfarandi hætti:

1. Kennslustundir voru heimsóttar og var til þess varið þremur skóladögum. Fylgst var með heilum kennslustundum og litið við í öðrum.
2. Rætt var formlega og óformlega við kennara og annað starfsfólk um kennsluhætti og kennsluaðferðir:
  - a. Fundað var með umsjónarkennurum og faggreinakennurum á þremur fundum (yngsta stig, miðstig og unglingsstig).
  - b. Fundað var sérstaklega með list- og verkgreinakennurum.
  - c. Fundur var haldinn með kennurum í námsveri skólans.
  - d. Einstaklingssamtöl við kennara sem þess óskuðu.
  - e. Loks er að nefna óformlegar samræður, einkum á kaffistofu starfsfólks og í tengslum við heimsóknir í kennslustundir.
3. Viðtöl við nemendur.
  - a. Rætt var við 18 nemendur á mið- og unglingsstigi í tveimur rýnihópum (7.–8. bekk og 9.–10. bekk). Nemendur voru beðnir um að greina frá þeirri kennslu sem þeir væru sáttir við og nefna það sem betur mætti fara. Einnig voru þeir beðnir um ábendingar og óskir.
4. Rætt var við stjórnendur
  - a. Óformlegur fundur var haldinn með stjórnendum í lok flestra heimsóknardaga.
  - b. Fundað var formlega með stjórnendum í lok verkefnisins.

5. Rætt var við ráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni.

### Helstu niðurstöður

Eftir að hafa fylgst með kennslustundum og rætt við starfsfólk og nemendur er það mat mitt að kennsluhættir í skólanum standast ágætlega og um margt vel samanburð við það sem sjá má í öðrum skólum og því fer fjarri að þeir séu einhæfari.

Fjölmörgum kennsluaðferðum var beitt í þeim kennslustundum sem fylgst var með. Viðhorf kennara í samtölum einkenndust af faglegum áhuga og umhyggju fyrir nemendum. Rétt er að nefna að fram kom að kennarar telja álag í starfi vera að aukast og það hafi áhrif á kennsluhætti. Ríkur áhugi kom fram á öllum fundum á að þróa fjölbreyttar kennsluaðferðir og margar hugmyndir reifaðar.

**Á yngsta stigi** hefur teymiskennsla verið innleidd og virðist hún vera að skila ágætum árangri. Þá hafa kennararnir verið að þreifa sig áfram með valstöðvar (hringekjur) og samvinnunám og áform um að halda þessu áfram; þróa og styrkja. Byggt er á Byrjendalæsi og ánægja með þá nálgun. Heimakrókar eru mikið notaðir og kennararnir leggja mikla áherslu á að efla orðaforða og bæta lesskilning.

**Á miðstigi** hafa erfiðleikar í samskiptum við foreldra og hegðunarvandamál hamlað þróun kennslu í sumum hópanna. Tekið skal fram að aðstaða í sumum kennslustofunum er mjög þröng. Engu að síður er áhugi á að efla teymiskennslu, skipuleggja hringekjur, gefa nemendum kost á áhugasviðsverkefnum, auka hlut útikennslu og nýta leiklist oftari í kennslu. Kennarar leggja áherslu á að þeir vilji að stundatöflur þeirra liggi betur saman til að auðvelda samstarf. Þá telja þeir að miklu varði að takast megi að koma betur til móts við nemendur með mikla námserfiðleika og þá sem hafa annað móðurmál en íslensku.

**Kennarar á unglingastigi** hafa einnig áhuga á að efla teymiskennslu, bæði þvert á greinar (t.d. íslensku, samfélagsfræði og upplýsingatækni) og innan greina, t.d. í stærðfræði. Eins er áhugi á að þróa námsmat í átt að aukinni fjölbreytni, t.d. við fyrirkomulag prófa og að matið verði leiðbeinandi fyrir nemendur í námi þeirra. Einnig að leggja áherslu á að kennslan verði í anda leiðsagnarmats.

Í Kópavogsskóla er áhersla á **list- og verkgreinakennslu**. Aðstaða til kennslu þessara greina er góð. Listgreinastofur eru rúmgóðar og bjartar og áberandi vel um þær gengið. Í hópi list- og verkgreinakennara er áhugi á að þróa kennsluhætti þar sem aukin áhersla er lögð á sköpunarferlið (frá hugmynd til afurðar) og að nemendur fái aukið val um á hvaða þætti þeir leggja mesta áherslu. Í samræðum við list- og verkgreinakennara voru nefndar margar áhugaverðar hugmyndir, m.a. um samstarf við félagsmiðstöð, útikennslu og aukið samstarf milli list- og verkgreinakennara innbyrðis.

Á öllum stigum sýnist vel staðið að nýtingu **upplýsingatækni**. Skólinn hefur fengið viðurkenningu fyrir forritunarkennslu, en um hana hefur meðal annars verið haft samstarf við tölvufyrirtækið SKEMA sem tengist Háskólanum í Reykjavík. Þá er að geta þess að Bergþóra Þórhallsdóttir, deildarstjóri við skólann, hefur verið brautryðjandi við að kynna og innleiða rafræna námsumhverfið Seesaw.<sup>1</sup>

Sem dæmi um annað áhugavert starf má nefna Tæknileika, Fjölgreindaleika, útileikhús, svokallaða Starfamestu, Verkfærakassann (hönnun og smíði í 10. bekk), Erasmus verkefni og menntabúðir.

Á **Tæknileikum** vinna nemendur í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum verkefnum þar sem byggt er á upplýsingatækni. Ég fylgdist dagstund með hringekjum þar sem nemendur voru af miklum áhuga að forrita og vinna að sögugerð í forritinu Puppet Pals. Ráðgjafar úr snjallteymi Kópavogsbæjar vinna með kennurunum í þessu verkefni og var þetta í annað skipti á skólaárinu sem efnt var til Tæknileika, en þeir standa í nokkra daga.

Á **Fjölgreindaleikum**, sem standa í tvo daga, er nemendum skipað í aldursblandaða hópa sem vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum sem kennarar og nemendur í 10. bekk hafa undirbúið. Nemendur fara milli stöðva og fást við þrautir af ýmsu tagi sem tengjast þeim greindum sem sálfræðingurinn Howard Gardner hefur skilgreint.

**Útileikhúsið** er einstakur viðburður. Nemendur 5. bekkjar hafa um margra ára skeið sett upp leiksýningu í skóginum við Digraneskirkju í lok skólaársins. Eggert Kaaber leikstjóri hefur haft umsjón með verkinu í samstarfi við list- og verkgreinakennara skólans. Undirbúningur hefst um áramót og þá hittir leikstjóri nemendur árgangsins og kennarana og drög lögð að skipulaginu. Leikmunir og búningar eru unnir í kennslustundum.

**Starfamesta** er haldin árlega í samstarfi við Kársnesskóla og hana sækja nemendur 8.–10. bekkjar beggja skóla. Þá koma foreldrar nemenda og aðilar úr fyrirtækjum úr nærsamfélaginu og kynna störf sín. Þetta hefur verið árlegur viðburður frá árinu 2016.

**Verkfærakassinn** er þróunarverkefni sem Magnús Alfonsson, smíðakennari, hefur verið að móta og byggist á því að nemendur í 10. bekk stofna fyrirtæki og taka að sér ýmis verkefni sem falla til í skólanum; viðhalds- og viðgerðarverkefni (hafa t.d. gert við sófa, fest tröppur, tengt upplýsingaskjá félagsmiðstöðvarinnar og lagfært gluggatjöld). Nemendur auglýsa starfsemi sína með ýmsum hætti og hægt er að panta þjónustu hjá þeim í síma. Nemendur þurfa að undirbúa og meta verkin og skipuleggja og í lokin skila þeir um það skýrslu.

---

<sup>1</sup> Sjá <https://web.seesaw.me/>

Hugmyndin er að þróa þetta enn frekar. Magnús undirbýr nú valnámskeið í þessum anda í samvinnu við félagsmiðstöðina.

Nemendur í 9. bekk hafa átt þess kost að taka þátt í **Erasmus verkefni** um loftslagsmál. Í verkefninu, sem er í samstarfi við skóla á Spáni og í Þýskalandi, taka þátt 26 nemendur og þrjú kennarar. Önnur heimsóknin var í undirbúningi meðan á heimsóknum mínum stóð og áhugi mikill.

Á **þemadögum** er, eins og nafnið gefur til kynna, fengist við tiltekið þema og nemendur fara á milli vinnustöðva og leysa fjölbreytt verkefni sem því tengjast.

Kópavogsskóli hefur haft frumkvæði að **menntabúðum** um upplýsingatækni þar sem kennarar miðla hver öðrum reynslu og hugmyndum og ræða þær.

Þeirri ábendingu er komið á framfæri við skólann að kynna þessi áhugaverðu verkefni og starf enn betur á heimasíðu skólans.

Ég heimsótti **námsverið** nokkrum sinnum og fundaði með kennarateyminu. Athygli vakti hve vel hefur tekist að skapa góðan vinnuanda í námsverinu og samskipti hlý og vinsamleg. Teymið undirbýr nú að þróa lýðræðislega kennsluhætti þar sem áhersla verður lögð á samráð við nemendur um námið og að nemendur sjái tilgang með því. Námskráin er kennd við *samvinnunámskrá* og hefur verkefnið **fengið styrk úr Sprotasjóði**. Áhugavert er að kennarar í námsveri hafa verið að þreifa sig áfram með samræður við nemendur um ýmis heimspekileg viðfangsefni. Húsnæði og húsbúnað námsversins þarf að bæta.

Styrkurinn sem skólinn hefur fengið fyrir *samvinnunámskrána* er annar af tveimur styrkjum sem skólinn hlýtur á þessu ári úr Sprotasjóði. Hinn styrkurinn er til að efla forritunarkennslu.

Eins og fram kom hér að framan nefna kennarar að vaxandi álag hafi áhrif á kennsluhætti. Þá glíma nokkrir þeirra við það að vera með stóra og fjölbreytta nemendahópa í litlum skólastofum. Verið er að bæta lausum kennslstofum við húsnæði skólans sem vonandi auðvelda kennurunum að skipuleggja kennslu sína með fjölbreyttum hætti. Eins skiptir máli að þeir hafi góðan aðgang að öflugri ráðgjöf um kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

**Rætt var við nemendur** í 7.–10. bekk í tveimur rýnihópum, alls 18 nemendur.

Á fundum með nemendum á unglingsstigi kom fram að þeir eru sáttir við skólann og bera flestum kennurum afar vel söguna og eru raunar jákvæðari í þeirra garð en flestir þeir unglingar sem ég hef rætt við. Nemendur óska eftir meiri fjölbreytni, bæði hvað varðar kennsluhætti og verkefni, en ekki síst vilja þeir meiri fjölbreytni í framboði á valgreinum.

Rétt er að fram komi að þeir 18 nemendur sem ég ræddi voru ekki sáttir við mótuneyti skólans. Þá óska þeir eftir að skólinn byrji seinna á morgnana. Þá eru þeir óánægðir með húsgögn og kvarta yfir þeim salernum sem þeir hafa aðgang (ólykt, óþrifnaður). En við kennsluna eru þeir yfirleitt sáttir.

Loks tel ég rétt að geta þess að ég átti mjög góðar **samræður við stjórnendur skólans** og tel viðhorf þeirra einkennast af metnaði, umhyggju og faglegum áhuga. Líta verður til þess að aðstæður í skólanum eru um margt óvenjulega krefjandi. Fyrirhugaðar úrbætur í húsnæðismálum skólans munu verða honum mikilvæg lyftistöng.

### Tillögur - ábendingar

Með hliðsjón af þeim viðhorfum sem fram komu í samræðum við kennara tók ég saman lista yfir heimildir um þær kennsluáðferðir sem þeir höfðu áhuga á að vinna með eða þróa. Þetta yfirlit var kynnt kennurum á fundi 17. maí.

### Samvinnunám

Kennarar á yngsta stigi skólans hafa verið að nota samvinnunám. Margir telja brýnt að efla það í námi á öllum stigum. Sjá um þessar áðferðir á þessari slóð:

<http://skolastofan.is/vefefni/kennsluadferdasafnid/samvinnunam/>

### Leiklist / leikræn tjáning / leikir

Nokkrir kennarar lýstu áhuga á að þróa leiklist sem kennsluáðferð. Meðal þeirra áðferða sem hvað mesta athygli hafa vakið er áðferð sem kennd er við *sérfræðingakápu* (e. mantle of the expert). Sjá um þessa áðferð grein í Netlu:

- Hákon Sæberg Björnsson og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2018). Sérfræðingskápan – nám í hlutverki: Rannsókn á notkun kennsluáðferða leiklistar í skólastarfi með ungum börnum. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt á þessa slóð: [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/04.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/04.pdf)
- Vefsíða helguð áðferðinni: <https://www.mantleoftheexpert.com/>

### Samþætt, heildstæð verkefni – þemanám

Á unglíngastigi er áhugi á að auka hlut heildstæðra viðfangsefna. Benda má á fjölda greina í Netlu og Skólaþráðum þar sem kennarar lýsa þemanámsverkefnum. Sjá t.d. þessar:

- Ingvar Sigurgeirsson, María Guðmundsdóttir og Bylgja Dögg Sigurgeirsdóttir (2013). Leikur að möguleikum: Umbótastarf í Grunnskólanum á Bakkafirði. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/alm/003.pdf>
- Anna María Þorkelsdóttir. (2017). Nám á nýjum nótum í Hólabrekkuskóla. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2017/05/30/nam-a-nyjum-notum-i-holabrekkuskola/>

- Björgvin Ívar Guðbrandsson, Dögg Lára Sigurgeirsdóttir, Hjalti Halldórsson og Sandra Ýr Andrésdóttir. (2018). “We have this thing called sprellifix” – Samþætting námsgreina í 9. og 10. bekk Langholtsskóla. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2018/02/07/samthaetting-namsgreina-i-9-og-10-bekk-langholtsskola/>
- Ingvar Sigurgeirsson í samstarfi við starfsfólk Brúarásskóla. (2016). „Það er gott að geta valið það sem maður VILL læra“ – Um Brúna – þróunarverkefni í Brúarásskóla. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2016/12/27/thad-er-gott-ad-geta-valid-thad-sem-madur-vill-laera-um-bruna-throunarverkefni-i-bruarasskola/>

### Lotukennsla

Lotukennsla var nefnd í umræðum sem áhugaverð leið. Hún hefur verið reynd í mörgum skólum hér á landi. Eitt áhugaverðasta dæmi um þetta er í Tækniskólanum í Reykjavík. Sjá þessa grein í *Skólaþráðum*:

- Ingvar Sigurgeirsson í samstarfi við Nönnu Traustadóttur, Jón B. Stefánsson, Úlfar Harra Elíasson, Sigríði Halldóru Pálsdóttur og Þorstein Kristjáns Jóhannsson. (2018). „Við lærum að hugsa út fyrir kassann.“ Um K2 – verkefnastýrt nám í Tækniskólanum. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2018/09/20/vid-laerum-ad-hugsa-ut-fyrir-kassann-um-k2-verkefnastyrt-nam-i-taekniskolanum/>

### Hringekjur, valsvæði, valstöðvar

Með hliðsjón af áhuga kennara á yngsta stigi og miðstigi er bent á að hugmyndir að málræktarstöðvum má finna meðal annars á þessari slóð:

<http://www.creativelanguageclass.com/stations-centers/>

Fimman er aðferð sem kennarar í nokkrum skólum hér á landi hafa verið að taka upp með góðum árangri. Hér má finna upplýsingar um þessa leið:

- Benda má á upplýsingar um þessa aðferð á vef Ingva Hrannars Ómarssonar, sjá á þessari slóð: <https://ingvihrannar.wordpress.com/in-icelandic/fimman-daily-5/hvad-er-fimman/>
- Vefsíða helguð aðferðinni: <https://www.thedailycafe.com/>

### Lýðræðislegir kennsluhættir

Bæði kennarar og nemendur nefndu áhuga á að auk fjölbreytni valgreina. Áhugaverða fyrirmynd er að finna í Sjálandsskóla í Garðabæ, sjá á þessari slóð:

[http://sjalandsskoli.is/library/Files/Namsgogn/Valgreinar/Sjalandsskólaval\\_2018-2019.pdf](http://sjalandsskoli.is/library/Files/Namsgogn/Valgreinar/Sjalandsskólaval_2018-2019.pdf)

Hér má einnig nefna sem fyrirmynd valgreinar á miðstigi í grunnskólanum á Ísafirði, sjá hér:

- Jóna Benediktsdóttir. (2018). Val á miðstigi í Grunnskólanum á Ísafirði. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2018/05/08/val-a-midstigi-i-grunnskolanum-a-isafirdi/>

### Áhugasviðsverkefni

Borgarhólsskóli á Húsavík er kunnur fyrir áhugasviðsverkefni á unglingastigi, sjá þessa grein í Skólaþráðum:

- Halla Rún Tryggvadóttir og Kolbrún Ada Gunnarsdóttir. (2016). Að hugsa út fyrir rammann: Áhugasviðsverkefni á unglingastigi í Borgarhólsskóla. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2016/12/15/ad-hugsa-ut-fyrir-rammann-ahugasvidsverkefni-a-unglingastigi-i-borgarholsskola/>

### Söguaðferðin

Nokkrir kennarar nefndu söguaðferðina (e. storyline) sem áhugaverða aðferð sem mætti leggja meiri áherslu á, en Kárnesskóli í Kópavogi hefur verið leiðandi í innleiðingu hennar hér á landi. Sjá um þessa aðferð á þessari slóð: <http://skolastofan.is/soguaðferdin/>

### Raunveruleg verkefni

Í Kópavogsskóla er verið að móta hugmyndir um svokallað samfélagsþjónustunám (e. service learning) sem hefur átt erfitt uppdráttar hér á landi, þó nefna megi nokkur áhugaverð dæmi, t.d. góðgerðardaginn, Gott mál, í Hagaskóla. Fleiri skólar hafa hafa efnt til svipaðs starfs. Mikið efni er að finna á netinu um þessar aðferðir.

### Starfstengt nám

Hér má benda á brautryðjendaverkefni í Grunnskólanum í Borgarnesi sem lesa má um í þessari grein:

- Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir og Signý Óskarsdóttir. (2018). Iðn: Verknám á vinnustað. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2018/02/14/idn-verknam-a-vinnustad/>

### Leiðsagnarmat

Sjá *Leiðsagnarnámsvef* Nönnu Christiansen: <https://nammedleidsogn.wordpress.com/>

### Smiðjur

Tveir skólar, Dalskóli og Norðlingaskóli, hafa verið í fararbroddi varðandi samþættingu bóknáms, verknáms og listnáms með því að skipuleggja aldursblandaðar smiðjur þar sem nemendur fást við samþætt viðfangsefni af fjölbreyttum toga. Um smiðjurnar í Dalskóla má

lesa á þessari slóð: <https://dalskoli.is/skolinn/smidjur/>. Um smiðjur í Norðlingaskóla má benda á þessa grein:

- Ingvar Sigurgeirsson, Ágúst Ólason, Björn Gunnlaugsson, Hildur Jóhannesdóttir og Sif Vígbórsdóttir. (2010). List- og verkgreinar í öndvegi Sagt frá þróunarverkefninu Smiðjur í Norðlingaskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/004/index.htm>

21.5. 2019

---

Ingvar Sigurgeirsson



## Tilvísanir

Oddný J. Eyjólfsdóttir og Kristín Sigurðardóttir. (2018). *Ytra mat grunnskóla: Kópavogsskóli.*

Kópavogur: Menntamálastofnun.

## Yfirlit yfir verkefnið

22. mars	Fundur með deildarstjóra og stjórnendum
28. mars	Skólinn skoðaður með skólastjóra  Fylgst með kennslu, m.a. í 1., 2., 3., 6. bekk og 8. bekk og litið við í tónmenntatíma.  Fylgst með svokölluðum Tæknileikum, þar sem nemendur unnu að fjölbreyttum viðfangsefnum í snjalltækjum.  Óformlegur fundur með stjórnendum.
3. apríl	Fylgst með kennslu, m.a. á yngsta stigi og fylgst með kennslu í myndmennt.  Einstaklingsviðtöl við kennara.  Óformlegur fundur með stjórnendum.
24. apríl	Viðtal við aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra.  Litið við í nokkrum kennslustundum, fylgst með kennslu í námsveri og fundur með kennurum.  Fundur með kennurum á unglingastigi.  Fundur með nemendum í 9.–10. bekk.  Óformlegur fundur með skólastjórnendum.
26. apríl	Fundir með kennurum á yngsta stigi.  Fundað með hópi nemenda í 7.–8. bekk.
29. apríl	Fylgst með menntabúðum í Smáraskóla.
8. maí	Fundur með miðstigskennurum.
9. maí	Fundur með skólastjórnendum.

17. maí	<p>Fundur með myndmenntakennara.</p> <p>Niðurstöður kynntar kennurum á fundi.</p> <p>Farið með kennurum á unglingstigi í heimsókn í Hagaskóla þar sem unnið hefur verið að innleiðingu teymiskennslu og að auka hlut verkefnamiðaðs náms.</p>
21. maí	<p>Fundur með skólastjórnendum og deildarstjóra grunnskóladeildar.</p>